Sýningar

Gallerí Art-Hún
Stangarhyl 7, Rvík
Þar stendur yfir sýning á verkum Erlu Axelsdóttur, Helgu Ármannsdóttur, Elínborgar Guðmundsdóttur, Sigrúnar Gunnarsdóttur og Margrétar Salome. Galleríið er opið alla virka daga kl. 12–18.

Gallerí Birgir Andrésson
Vesturgötu 20
Gunnar M. Andrésson sýnir ný verk, nokkurs konar lýriska hljóðskúlptúra, þar sem unnið er með upprunatengsl og vitnað er í þjóðleg minni. Galleríið er opið kl. 14-18 á fimmtudögum en aðra daga eftir samkomulagi.

Gallerí Greip
Hverfisgötu 82 (Vitastígsmegin).
Laugard. 13. jan. kl. 20.00 verður opnuð samsýning 20 myndlistarmanna, hönnuða, arkitekta og ljósmyndara. Sýningin ber yfirskriftina GREIPAR SÓPA og eiga verkin á sýningunni það sameiginlegt að vera unnin úr hlutum eða hugmyndum (fundnum og „stolnum") sem hafa nú þegar gegnt hlutverki sínu en öðlast hér nýjan tilgang.
Hún stendur til 28. janúar og er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14–18.

Félag eldri borgara
Listakona á tíræðisaldri. Næstkomandi laugard., 13. jan. kl. 15.00, verður opnuð sýning á verkum Maríu M. Ásmundsdóttur myndlistarkonu frá Krossum í Staðarsveit. Sýningin verður í húsakynnum Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni að Hverfisgötu 105, 4. hæð.

Gallerí Fold
Laugavegi 118d
Laugard. 13. jan. kl. 15.00 verður opnuð sýning á akrylverkum Ólafs Más Guðmundssonar í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýninguna nefnir Ólafur Már HVÖRF. Í kynningarhorni gallerísins sýnir Sigrún Eldjárn grafíkmyndir. Sýningin stendur til 28. janúar. Gallerí Fold er opið daglega frá kl. 10.00 til 18.00 nema sunnud. frá kl. 14 til 17.

Gallerí Geysir
Aðalstræti 2
Galleríið er opið alla virka daga kl. 9–23 og um helgar kl. 12–18.

Gallerí Guðmundar
Ánanaustum 15.
Galleríið er opið virka daga kl. 10–18.

Gallerí List
Skipholti 50b
Galleríið er opið alla daga kl. 11–18 nema laugardaga kl. 11–14. Sýningar í gluggum á hverju kvöldi.

Gallerí Ríkey
Hverfisgötu 59
Sýning á verkum Ríkeyjar. Opið kl. 13–18 virka daga en laugardaga og sunnudaga kl. 13–16.

Stöðlakot
Bókhlöðustíg 6
Nína Gautadóttir. Málverk til 21. janúar. Opið frá kl. 14–18 daglega.

Gallerí Sævars Karls
Bankastræti 9
„Straumar", sýning Þórs Elís Pálssonar, stendur yfir í Gallerí Sævars Karls. Opið á verslunartíma frá kl. 10–18 virka daga.

Hafnarborg
Í Hafnarborg var opnuð laugardaginn 6. janúar kl. 12.00 umfangsmikil sýningu á verkum Kaffe Fassett en hann er einn þekktasti textílhönnuður heims um þessar mundir.

Kaffi Mílanó
Faxafeni 11
Hildur Waltersdóttir sýnir olíumálverk, unnin á striga og krossvið og einnig nokkrar kolateikningar. Sýningin stendur til 26. janúar. Opið mánud. kl. 9–19. þriðjud., miðvikud. og fimmtud. kl. 9–23.30, föstud. kl. 9–1 og laugard. kl. 9–18.

Kjarvalsstaðir
v/Miklatún
Laugard. 13. jan. kl. 16.00 verða opnaðar 4 sýningar: Í vestursal yfirlitssýning á verkum eftir franska abstraktmálarann Olivier Debré. Komar og Melamid eru rússneskir myndlistarmenn, sem störfuðu um árabil að list sinni undir oki Sovétstjórnarinnar þar sem þeir skipulögðu m.a. hina þekktu jarðýtusyningu árið 1974. Ingólfur Arnarsson kom fram á sjónarsviðið í lok 8. áratugarins eftir að hafa verið við nám í Hollandi. Sýningum Olivier Debré, Komars og Melamid og Ingólfs Arnarssonar lýkur 18. febrúar, en Kjarvalssýningin stendur fram á vor. Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstaða og safnverslun eru opnar á sama tíma.

Listasafn Einars Jónssonar
Njarðargötu.
Safnið er lokað í desember og janúar. Höggmyndagarðurinn er opinn alla daga. Inngangur er frá Freyjugötu.

Listasafn Íslands
Fríkirkjuvegi 7
Opið alla daga nema mánudaga kl. 12–18.

Ingólfur Arnarsson opnar tvær sýningar:

Einfaldar bæði form og liti



Stór hluti af listsköpun Ingólfs felst í því hvernig hann stillir saman myndirnar innbyrðis og vinnur með rýmið í heild sinni. DV-mynd GS

„Verkin á þessum tveimur sýningum eru svolítið tengd. Það getur aukið á skilning þess hvað ég er að fara að sjá báðar sýningarnar en það er ekki nauðsynlegt. Það er hins vegar ekki verra," segir listamaðurinn Ingólfur Arnarsson sem í gær opnaði sýningu á verkum sínum í Ingólfsstræti 8 og ætlar enn fremur að opna aðra sýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum á morgun.

Ingólfur segist ekki áður hafa verið með tvær sýningar í einu og segir það vera tilviljun eina. En hvernig verk sýnir hann nú? „Þetta er sambland af lágmynd og málverki. Þetta eru steinsteypuplötur sem eru síðan grunnaðar og málaðar með hvítum grunni og vatnslitamálaðar. Svoleiðis verk er ég með á báðum stöðum en á Kjarvalsstöðum er ég einnig með teikningar sem ég hef unnið að á síðustu árum."

Ingólfur kom fram á sjónarsviðið í lok 8. áratugarins eftir að hafa verið við nám í Hollandi. Hann vann fyrst með hugmyndafræðileg verk en tileinkaði sér síðan óhlutlægt myndmál, sem hann hefur þróað á einkar persónulega hátt. Í verkum sínum einfaldar Ingólfur til hins ítrasta bæði form og liti og skapar hljóðlát verk sem krefjast íhygli áhorfandans. Stór hluti af listsköpun hans felst einnig í því hvernig hann stillir saman myndirnar innbyrðis og vinnur með rýmið í heild sinni.

Sýningu Ingólfs í Ingólfsstræti 8 lýkur 4. febrúar en hálfum mánuði síðar á Kjarvalsstöðum.

Samsýning í Gallerí Greip:

Greipar sópa

Samsýning myndlistarmanna, hönnuða, arkitekta og ljósmyndara verður opnuð í Gallerí Greip annað kvöld. Sýningin ber yfirskriftina „Greipar sópa" og eiga verkin á sýningunni það sameiginlegt að vera unnin úr hlutum eða hugmyndum (fundnum og „stolnum") sem hafa nú þegar gegnt hlutverki sínu en öðlast hér nýjan tilgang.

Þátttakendur í sýningunni eru Ámundi Sigurðsson, Ásmundur Sturluson, Birgir Snæbjörn Birgisson, Börkur Arnarson, Daníel Magnússon, Gulleik, Halldór Baldursson, Helga Kristrún Hjálmarsdóttir, Húbert Nói Jóhannesson, Ilmur Stefánsdóttir, Inga Lísa Middleton, Magnús Arason, Nína Magnúsdóttir, Sara Björnsdóttir, Sigríður Heimisdóttir, Sigríður Ólafsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir, Sigurður Árni Sigurðsson, Stefán Geir Karlsson, Svanur Kristbergsson, Tinna Gunnarsdóttir, Þorri Hringsson og Þorvaldur Þorsteinsson.



Þorvaldur Þorsteinsson, Inga Lísa Middleton og Þorri Hringsson eru í hópi þeirra sem eiga verk á sýningunni.

Sýningin stendur til 28. janúar.



Ólafur Már Guðmundsson við eitt verka sinna.

Gallerí Fold:

Hvörf Ólafs Más

Á morgun verður opnuð sýning á akrýlverkum Ólafs Más Guðmundssonar í Gallerí Fold við Rauðarárstíg. Sýninguna nefnir hann Hvörf.

Ólafur Már, sem er fæddur á Ísafirði, stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands og lauk þaðan prófi 1980. Hann hefur haldið nokkrar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Verkin sem Ólafur sýnir nú eru öll unnin með akrýllitum.

Grafíkmyndir Sigrúnar

Í kynningarhorni gallerísins sýnir Sigrún Eldjárn grafíkmyndir. Hún stundaði m.a. nám í MHÍ og við listaakademíur í Póllandi. Sigrún hefur haldið fjölmargar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum.

Nýlistasafnið:

Þrívíð verk og málverk

Ásta Ólafsdóttir, Guðmundur Thoroddsen og Jón Sigurpálsson opna sýningar í Nýlistasafninu, Vatnsstíg 3b, á morgun kl. 16.

Jón Sigurpálsson og Guðmundur Thoroddsen sýna veggmyndir í neðri sölum safnsins og Ásta Ólafsdóttir sýnir þrívíð verk og málverk í efri sölunum.

Gestur í setustofu Safnsins er Nina Ivanova frá Rússlandi. Hún dvelur hér sem gestanemandi í Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Tómas R. Einarsson kontrabassaleikari og Óskar Guðjónsson saxófónleikari verða með tónlistarflutning við opnunina.

Sýningarnar verða opnar daglega frá kl. 14–18 en þeim lýkur sunnudaginn 28.janúar.

Nína í Stöðlakoti



Sýning á verkum Nínu Gautadóttur stendur nú yfir í Stöðlakoti við Bókhlöðustíg. Nína, sem býr og starfar í París, hefur haldið margar einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Í Stöðlakoti sýnir Nína málverk. Myndin er úr myndasafni DV.

Sýningar

Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn
Laugard. 13. jan. kl. 15.00 verður opnuð sýning í Gerðarsafni sem ber heitið UMHVERFIS JÖRÐINA Á ÁTTATÍU DÖGUM. Þetta er myndaröð sem Nína Gautadóttir hefur unnið eftir hinni alþekktu skáldsögu franska rithöfundarins Jules Verne. Myndaröðin er á einum samfelldum stranga sem er 80 metra langur og um 50 cm á breidd. Eins og komið hefur fram í fréttum týndust málverk sem Nína ætlaði að sýna í Gerðarsafni og átti að opna þá sýningu síðastliðinn laugardag. Myndaröð Umhverfis jörðina á 80 dögum kemur í stað þeirrar sýningar en málverk Nínu sem töpuðust eru enn ófundin.
Ingibergur Magnússon myndlistarmaður opnaði sýningu laugardaginn 6. janúar. Á sýningunni eru 28 verk, tréristur og verk unnin með blandaðri tækni. Sýningin er opin alla daga, nema mánudaga, kl. 12–18. Henni lýkur 21. janúar.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga
Sýning á völdum andlitsmyndum eftir Sigurjón Ólafsson, Þessir kollóttu steinar, mun standa í allan vetur. Safnið er opið á laugardögum og sunnudögum kl. 14–17. Kaffistofa safnsins er opin á sama tíma.

Listhúsið í Laugardal
Engjateigi 17
Þar stendur yfir myndlistarsýning á verkum eftir Sjöfn Har. Sýningin ber yfirskriftina „Íslensk náttúra, íslenskt landslag". Opið virka daga kl. 13–18 og laugardaga kl. 11–16.

Listhús 39
Strandgötu, Hafnarfirði
Þar stendur yfir sýning Friðu S. Kristinsdóttur sem er fyrsta sýning hennar. Á sýningunni eru myndverk og þrívíð verk ofin með tvöföldum vefnaði, úr hör, vír, tágum og myndvefnaður úr ull. Sýningin er opin frá 6. til 22. janúar. Opið virka daga kl. 10–18, laugardaga kl. 12–18 og sunnudaga kl. 14–18.

Listhús Ófeigs
Skólavörðustíg 5
Þar stendur yfir sýningin Skíma. Eftirtaldir listamenn sýna: Hringur Jóhannesson, Magnús Tómasson, Ófeigur Björnsson, Ragnheiður Jónsdóttir, Sigurður Þórir, Þorbjörg Höskuldsdóttir og Örn Þorsteinsson. Sýningin stendur til 14. janúar.

Mokka kaffi
Skólavörðustíg
Komar og Melanid sýna í Mokka frá 8. janúar til 11. febrúar. Sýning á eftirsóttasta málverki bandarísku þjóðarinnar.

Myndás
Laugarásvegi 1
Sýning á 18 bestu myndum úr Íslandskeppni Agfa og Myndáss. Sýningin er út janúar og er opin virka daga kl. 10–18 og laugardaga kl. 10–16.

Nesstofusafn
Nesstrð, Seltjarnarnesi
Safnið opið á sunnudögum, þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum kl. 13–17.

Norræna húsið
Rebekka Rut sýnir 30 olíumálverk. Sýningin er opin daglega kl. 14–19.

Nýlistasafnið
Vatnsstíg 3b, 101 Reykjavík.
Ásta Ólafsdóttir, Guðmundur Thoroddsen og Jón Sigurpálsson opna sýningar í Nýlistasafninu laugard. 13. janúar kl. 16.00. Sýningarnar eru opnar daglega frá kl. 14.00–18.00 og þeim lýkur sunnud. 28. jan.

Póst- og símaminjasafnið
Austurgötu 11, Hafnarfirði
Opið sunnud. og þriðjud. kl. 15–18.

Sparisjóðurinn í Garðabæ
Garðatorgi
Í tilefni 20 ára kaupstaðarréttinda Garðabæjar 1. janúar 1996 stendur yfir yfirlitssýning á myndlistarverkum í eigu bæjarins. Um er að ræða myndir sem Garðabær hefur eignast í gegnum tíðina. Sýningin er opin á afgreiðslutíma Sparisjóðsins frá kl. 8.30 til 16 alla virka daga til 19. janúar.

Þjóðminjasafnið
Opið sunnud, þriðjud. fimmtud. og laugard. kl. 12–17.

Ráðhús Reykjavíkur
Sýning á höggmyndum Arnar Þorsteinssonar var opnuð í Ráðhúsi Reykjavíkur 6. janúar kl. 15 og stendur til 21. janúar. Sýningin, sem nefnist „Orka + Steinn = Mynd", er opin kl. 8–19 virka daga og kl. 12–18 um helgar.

Ingólfsstræti 8
Ingólfur Arnarsson heldur sýningu í Ingólfsstræti 8 til 4. febrúar. Opið frá 14–18, alla daga nema mánudaga.

Sýning í Borgarnesi
Í Safnhúsi Borgarfjarðar, Borgarnesi, stendur yfir sýning á 24 olíumyndum eftir Einar Ingimundarson. Um er að ræða myndir sem listamaðurinn hefur málað af landslagi og byggingum vítt og breitt um héraðið.